

5000 kr., borgaðar út í hönd. Undirrjettarins dóm ber að staðfesta, að því er snertir ómerkinguna á meiðyrðum þeim, er þar eru nefnd. Málskostnaður falli niður fyrir báðum rjettum. Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, undir aðför að lögum.

Mánudaginn 24. septembermán.

Nr. 10/1877: Jón landshöfðingjaritari Jónsson
 gegn

Jóni bónda Magnússyni á Kúludalsá.

Dómur.

Með dómi bæjarþingsrjettarins í Reykjavík, uppkveðnum þann 4. janúar þ. á., var áfrýjandinn í sök þessari, landshöfðingjaritari Jón Jónsson, sem settur lögreglustjóri í fjárkláðamálinu, dæmdur til þess að greiða Jóni bónda Magnússyni á Kúludalsá í skaðabætur 64 kr., en málskostnaður látinn falla niður. Voru honum tildæmdar skaðabætur fyrir þá sök, að 4 sauðir fullorðnir, er hann átti, höfðu verið handsamaðir nokkru fyrir miðjan júlí f. á., ekki all-langt frá Hvítá, er þeir höfðu farið frá Kúludalsá gegnum Skorradalsvörð, er settur hafði verið til þess, að varna fjársamgöngum. Var sauðunum haldið í geymslu nokkra daga, en eptir skipun áfrýjandans, dags. 17. júlí f. á., voru þeir skornir, skyldi afurðunum haldið til eigandans, en hann átti að greiða allan kostnaðinn við kindatökuna.

Dómi þessum hefur nú áfrýjandinn skotið til yfir dóms, og gjört þá aðalrjettarkröfu, að máli þessu verði frávísað fyrir þá sök, að fullnaðardómur hafði áður gengið í sök þessari fyrir lögreglurjetti, er hinn setti lögreglustjóri í fjárkláðamálinu hefur upp kveðið að Heynesi

16. ágúst 1876, en með dómi þeim var hinn stefndi Jón Magnússon sektaður fyrir afbrot gegn skipun lögreglustjórans um 2. kr., en til vara hefur áfrýjandinn krafizt þess, að hann verði dæmdur sýkn af kærnum og kröfum Jóns Magnússonar, og hann skyldaður til að greiða málskostnað, en þessu næst hefur áfrýjandinn að lokum undir rekstri málsins krafizt þess enn fremur, að svo fram- arlega sem hann yrði skyldaður til þess, að svara skaða- bótum, skyldi til grundvallar þeim lagt, annaðhvort mat það, er fór fram á sauðum þessum 17. júlí f. á., eða þá mat óvilhallra manna á kláðagrunuðum sauðum að vorlagi.

Hinn stefndi Jón Magnússon hefur þar á móti krafizt þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, og honum tildæmt hæfilegt endurgjald fyrir málarekstur eptir mati rjettarins.

Áfrýjandinn hefur byggt sýknarkröfu sína í aðal- efni málsins á því, að þeir fjórir sauðir, sem hjer er um að ræða, hafi verið komnir norður yfir Skorradals- vörð þann, er það sumar hafi verið settur að boði amts- ins, og hafi allar fjárgöngur og fjárflutningar verið bannaðir yfir varðlínu þessa, og hefur hann í því efni skírskotað til brjefs frá amtmanni, dags. 19. maí f. á., af hverju eptirrit hefur verið fram lagt.

Þar eð dómur sá, er upp kveðinn var að Heynesi þann 16. ágúst f. á. af hinum setta lögreglustjóra í fjár- kláðamálinu, alls ekki snertir skaðabótakröfu þá, sem hjer er gjörð að sakarefni, verður frávísunarkrafa áfrýj- andans ekki tekin til greina, og ber því málið að dæma í aðalefni þess.

Af rjettargjörðunum má sjá, að ekki hefur fundizt kláði í hinum 4 umræddu sauðum, eða að sjerleg at- vik lægju til þess, að álíta þá grunsama; enn fremur er það að vísu sannað, að þeir fyrir misgöngur hafi verið komnir norður fyrir Skorradalsvörðinn, en á hinn

bóginn ekki yfir Hvítá, og verður þetta atriði að takast til greina, þar eð hið tilvitnaða brjef amtsins, dags. 19. maí f. á., einungis ákveður meðferð á fje því, er kynni að sleppa vestur yfir Hvítá, og virðist þannig eigi hafa verið næg ástæða til þess, að láta drepa sauðfje þetta einungis fyrir það, að það fyrir misgöngur hafði farið yfir Skorradalsvörðinn, en það sjest ekki af rjettargjörðunum, að á sama hátt skyldi fara með fje, er færi norður yfir þessa varðlínu. Af ástæðum þessum verður yfirdómurinn að fallast á þá skoðun bæjarþingsrjettarins, að áfrýjandinn sje skyldaður að greiða Jóni Magnússyni skaðabætur fyrir tjeða sauði, en þar sem Jóni Magnússyni hefur í tjeðum dómi verið ákveðið endurgjald sauðanna eptir mati bæjarþingsrjettarins, þá er ekki nægileg ástæða til þessa, nje heldur til þess, eptir varakröfu áfrýjanda, að ákveða endurgjaldið eptir því, sem að þingvottarnir við lögreglurjett 17. júlí 1876 möttu sauðina, er þeir álitu, að þá mætti selja til skurðar fyrir tvær til þrjár krónur, og er upphæð þessi ekki fastákveðin, eða gjörð af reglulegum matsmönnum á skuldbindandi hátt fyrir hlutaðeigendur. Virðist þannig eptir málavöxtum rjett vera, að áfrýjandinn sje látinn greiða hinum stefnda skaðabætur fyrir þá umræddu 4 sauði eptir mati óvilhallra manna, en þó svo, að endurgjaldið ekki fari fram úr 64 kr., sem er sú tildæmda upphæð eptir bæjarþingsdóminum, er hinn stefndi hefur krafizt að væri staðfestur.

Málkostnaður fellur niður. Að því leyti gjafsókn hefur verið veitt í máli þessu vottast, að málsfærslan hefur verið lögleg.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandinn, landshöfðingjaritari Jón Jónsson, settur lögreglustjóri í fjárkláðamálinu, á til hins stefnda,

Jóns Magnússonar á Kúludalsá, að greiða skaðabætur fyrir þá 4 sauði, út af hverjum mál þetta er risið, eptir mati tveggja óvilhallra af rjettinum útnefndra manna, er ei má fara fram yfir 64 krónur. Málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá hans löglegri birtingu undir aðför að lögum.

Nr. 16/1877. Hreppsnefnd Þorkelshólshrepps
 gegn
 hreppsnefnd Ásshrepps.

Dómur.

Haustið 1859 lánaði stjórnin Húnavatnssýslu 800 tunnur af kornvöru til að af stýra hallæri, er óttast var fyrir að upp á mundi koma sökum þess, hve litlar vörubýrgðir þá voru fyrir á verzlunarstöðunum þar í sýslu, og skyldi borga flutningsgjald, ábyrgðargjald og fl. fyrir kornvörurnar, áður en skipið, sem flutti þær, færi aptur. Á sýslufundi á Hólanesi 11. októberm. s. á. var þessum kornvörum skipt niður milli hreppa sýslunnar; var þá Þorkelshólshreppi úthlutað 80 tunnum, og flutningsgjaldið m. m. undir þær, 213 rd. 22 sk., greitt þá þegar með 5 rd. 22 sk. í peningum, og með tveim skuldabriefum, sem Ásshreppur átti og lánaði Þorkelshólshreppi, að upphæð 100 rd. hvort, auk áfallinna eins árs rentna, samtals 208 rd. Af reikningum yfir tekjur og gjöld Ásshrepps, sem fram hafa verið lagðir í málinu, sjest, að í fardögum 1860 er talið meðal eptirstöðva: skuld frá Þorkelshólshreppi, að upphæð 208 rd.; að skuldin í fardögum 1861 að eins er talin 69 rd. 88 sk.; að á fardagaárinu 1861—62 er borgað upp í skuldina 49 rd. 64 sk., og á fardagaárinu 1863—